# Að flytja eintök á aðra bókfræðifærslu

Hægt er að flytja eintök af einni bókfræðifærslu yfir á aðra. Þegar það er gert þá flytjast eftirfarandi upplýsingar með:

- Útlán
- Aðfangapöntun
- Staða í aðfangaferli

Það sem flyst ekki með:

- Frátektir (lánþeginn fær póst um að hætt hafi verið við beiðni, ef engin önnur eintök geta uppfyllt beiðnina)

1. Finna núverandi færslu undir „Áþreifanlegir titlar“




2. Skoða hvort frátektir séu á mínu safni/söfnum - Smella á númer fyrir aftan „Beiðnir“



3. Sía beiðnir eftir „Beiðni lánþega um áþreifanlegt eintak“ (Undir „Tegund beiðni/ferlis“)




- ***ATH***: Ef einhverjar frátektir finnast, þá þarf að taka niður upplýsingar um lánþegana sem eru að bíða og eyða frátektunum áður en lengra er haldið. Svo þarf að setja frátektirnar aftur inn handvirkt eftir að búið er að flytja eintök yfir á nýja færslu.

4. Þegar engar frátektir eru lengur á mínu safni, smella á „Eintök“ í leitarniðurstöðum




| Bókasafn | Staðsetning | Staðsetning | Aðfangaskráningarnúmer | Tiltækileiki eintaks | Tengd færsla |
|---|---|---|---|---|---|
| HAFAA | 3UTL | 823F PRATCHETT G | - | 1 af 1 tiltækt | - |
| SELAS | UNASSIGNED | 823 Pra Goo | - | 1 af 1 tiltækt | - |
| BBAAA | SKERL | 830 Pra Goo | - | 1 ekki tiltæk | - |
| BBFAA | FANT | 830 Pra Goo | - | 1 ekki tiltæk | - |
| KOPAA | 3HD | 823F PRAT T GOOD | - | 1 ekki tiltæk | - |

5. Haka við eintökin sem á að færa yfir á rétta færslu, smella á „Umsjón með völdum atriðum“ og þar undir velja „Tengja aftur við aðra bókfræðifærslu“




| | Strikamerki | Bókasafn | Staðsetning | Staðsetning | Staðsetning eintaks | Ár | Bindi/árgangur | Lýsing | Tímabundin staðsetning | Staða | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 16295384 | Bókasafn Árborgar Selfossi | Almennt | 823 Pra Goo | - | - | - | - | Nei | Eintak á sínum s | | |
| 2 | 14568606 | Bókasafn Hafnarfjarðar | 3.h.-Útlánasalur | 823F PRATCHETT G | - | - | - | - | Nei | Eintak á sínum s | | |
| 3 | 3750490 | Bókasafn Kópavogs aðalsafn | 3. hæð | 823F PRAT T GOOD | - | - | - | - | Nei | Eintak ekki á sínum stað | Flutningur | 13/03/2015 |
| 4 | 21647835 | Borgarbókasafnið Grófinni | 2. hæð Skáldrit á erlendum málum | 830 Pra Goo | - | - | - | - | Nei | Eintak ekki á sínum stað | Útlán | 04/11/2013 |
| 5 | 22103514 | Borgarbókasafnið Spönginni | Fantasíur | 830 Pra Goo | - | - | - | - | Nei | Eintak ekki á sínum stað | Bakvinnsla (Viðgerð) | 02/11/2015 |

6. Leita að nýrri færslu







7. Finna réttu færsluna í listanum og smella á hana




8. Skoða vel hvort það sé nú þegar til forðafærsla í mínu safni á nýju bókfræðifærslunni, er hægt að nota þá forðafærslu?

- Ef til er forðafærsla fyrir mitt safn, fara beint í skref 9
- Ef engin forðafærsla í mínu safni: Velja „Bæta við nýjum forða“




- Laga 852 svið með safni, safndeild og kjalmiða




- Vista og losa færslu, fela lýsigagnaritil

9. Haka við réttu forðafærsluna úr listanum og ýta á „Velja“




10. Ef forðafærslan á röngu bókfræðifærslunni er núna orðin tóm, þarf að eyða tómu forðafærslunni




11. Ef einhverjar frátektir fundust í skrefi 3 þarf að setja þær handvirkt nýju bókfræðifærsluna